

Geðrofs- og samfélagsgeðteymi



Geðrofs- og samfélagsgeðteymi Landspítala (GoS) veitir fólki með alvarlega geðsjúkdóma, einkum geðrofssjúkdóma meðferð og stuðning sem miðar að bættu heilsufari og auknum lífsgæðum. Starfsemin er með aðsetur á göngudeildinni á Kleppi.

Í teyminu starfa geðlæknar, sálfræðingar, hjúkrunarfræðingar, félagsráðgjafar, þroskabjálfi, jafningi, atvinnuráðgjafar og aðrir sérhæfðir starfsmenn. Miðað er við að allir fái sinn málastjóra sem heldur utan um meðferð þjónustuþega og er hans helsti tengiliður.

Unnið er í samvinnu við aðrar stofnanir eftir þörfum, t.d. heilsugæslu og félagsþjónustu. Teymið er einnig í þéttu sambandi við innlagnardeildir geðsviðs og búsetukjarna. Tekið er við tilvisunum frá fagaðilum á heilbrigðisstofnunum.

Meðferð og endurhæfing

Þjónustan er veitt bæði á göngudeild og í nærumhverfi þjónustuþega. Tekið er mið af þörfum hvers og eins með virkri þátttöku þeirra. Lögð er áhersla á gott samstarf við fjölskyldu og aðra aðstandendur.

Hugmyndafræði batastefnunnar, sem unnið er út frá, gerir ráð fyrir að bati sé mögulegur og einstaklingbundinn. Unnið er með styrkleika hvers og eins ásamt því að efla þátttöku fólks í daglegu lífi og ábyrgð á eigin bata.

Þau meðferðarúrræði sem standa til boða eru meðal annars, vitræn endurhæfing (VEF), hugræn atferlismeðferð (HAM) við vímuefnavanda og HAM við geðrofseinkennum, atvinnuráðgjöf, jafningjastuðningur, regluleg stuðningsviðtöl og fræðsla. Einnig hafa þjónustuþegar teymisins aðgengi að Batamiðstöðinni þar sem fjölbreytt virkni er í boði.

Hér að neðan er nánari útskýring á meðferðarúrræðum sem í boði eru:

Vitræn endurhæfing: Fyrir þau sem vilja bæta athygli, minni, einbeitingu og rjúfa félagslega einangrun. Getur verið góður undirbúningur fyrir vinnu, nám eða meðferð.

HAM við vímuefnavanda: Fyrir þau sem eru með vímuefnavanda. Ekki er gerð krafa um edrúmennsku á námskeiðinu. Bæði er unnið í hópmeðferð og einstaklingstímum.

HAM við geðrofseinkennum: Fyrir þau sem eru með eða hafa verið með geðrofseinkenni. Á þessu námskeiði er sérstaklega unnið með þeim sem hafa lítið innsæi í geðrofseinkenni sín.

Clozapine klíník: Fyrir þau sem eru á clozapine lyfjameðferð. Meðferðin felst í því að hitta hjúkrunarfræðing á þriggja mánaða fresti þar sem farið er yfir líkamlegt heilsufar ásamt því að fylgst er með blóðsýnum og aukaverkanir metnar reglulega.

Aðstandendafræðsla og fjölskyldustuðningur: Aðstandendum býðst að fá fræðslu um geðrofseinkenni ásamt sérhæfðum stuðningi ef þörf er á. Ítarleg geðrofsfræðsla fer fram í hóp tvisvar á ári og er þrjú skipti í senn.

Málastjórn: Í GoS eru flestir þjónustuþegar með málastjóra sem heldur utan um meðferð og er tengiliður inn í teymin og einnig við aðrar stofnanir. Áherslur í meðferð eru sveigjanlegar og ráðast af aðstæðum og sjúkdómsstigi hverju sinni.

Langtímamarkmið málastjóra eru að stuðla að bata og koma í veg fyrir endurteknar veikindalotur. Hlutverk málastjóra er að hafa yfirsýn yfir mál þjónustuþega og setja saman meðferðaráætlun til að mæta þörfum hans. Hlutverk málastjóra felst einnig í því að styðja þjónustuþega við að takst á við afleiðingar geðrofs, halda utan um fjölskyldustuðning og stuðla að bata og aukinni þátttöku í samfélaginu á ný.

Upplýsingar og símanúmer

Heimilisfang: Kleppsgörðum, 104 Reykjavík

Þjónustutími: 08:00–16:00, alla virka daga

Sími: 543 4200 og 543 4643

Heimasíða geðrofs- og samfélagsteymis: <https://www.landspitali.is/sjuklingar-adstandendur/deildir-og-thjonusta/gedrofs-og-samfelagsgedteymi/>

Bráðamóttaka geðþjónustu á Hringbraut, sími 543 4050, er opin kl. 12:00–19:00 virka daga og kl. 13:00–17:00 um helgar.

Á öðrum tímum er bráðamóttaka geðþjónustunnar á bráðamóttökunni í Fossvogi.

Hjálparsími Rauða krossins er 1717 og er hann opinn allan sólarhringinn.

QR kóði á Landspítalaappið:



Þetta fræðslufni er gert fyrir sjúklinga Landspítala og aðstandendur þeirra og er byggt á bestu þekkingu við útgáfu þess. Tilgangur fræðslufnisins er að styðja við faglega ráðgjöf heilbrigðisstarfsfólks Landspítala sem veitir nánari upplýsingar eftir þörfum. Efninu er ekki ætlað að koma í stað einstaklingsbundinna leiðbeininga heilbrigðisstarfsfólks.

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI
MIÐSTÖÐ SJÚKLINGAFRÆÐSLU
OKTÓBER 2024
FRÆ- 3818

ÁBYRGÐARMENN: DEILDARSTJÓRI
OG YFIRLÆKNIR GÖNGUDEILDAR
LANDSPÍTALA Á KLEPPI

HÖNNUN:
GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR
LANDSPÍTALA
LJÓSMYND:
ÞORKELL ÞORKELSSON